

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga – Borgahella 6a.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar þann 17. mars 2021 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna lóðarinnar Borgahella 6a. Í breytingunni felst að lóðarmörkum og byggingarreit er hnikað um 6,15 m vegna lagna á svæðinu. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar er samkvæmt 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. mars 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2021